3. Matarlímsblöðin eru sett í vatn og látin linast

4. Takið blönduna til hliðar þegar súðan er komin upp og bætið matarlímsblöðunum við ásamt hvíta súkkulaðinu og hrærið þangað til súkkulaðið er bráðnað
5. Takið vanillustöngina upp úr og hrærið skyrinu saman við blönduna
6. Hellið í falleg form og látið kólna í 6 tíma
7. Brjótið hafrakex yfir
8. Raspið lime börk og hvítt súkkulaði yfir formið áður en borið er fram

# FRÉTTIR ÚR VÍ



## ALLT AÐ VERÐA VITLAUST ÚT AF 2010 ÁRGANGINUM Í BORDEAUX

Nú er enn eitt árið runnið upp þar sem sælkerar fylgjast með niðurstöðum úr tunnusmakki á 2010 árgangi Bordeaux. Það er orðið nokkuð ljóst að eitt topp árið enn er runnið upp í Bordeaux. Helstu smakkarar heims keppast nú um að dásama 2010 árganginn. Það leiðir til þess að dýrt ár er á ný runnið upp fyrir vinsafnara heimsins. Það bætist því í hóp margra ára á síðasta áratug sem nær væntanlega topp hæðum í verðlagningu. Fyrst var það 2000 árgangurinn sem þótti einstakur, síðan komu tvö mögur ár en aftur glöddust hjörtu framleiðenda í Bordeaux þegar hitabylgjuárið 2003 skilaði glæsilegum vínunum. Þá kom 2004 sem ekki þótti neitt sérstakt, framleiðendur í Bordeaux kölluðu það klassískan árgang. Allt varð síðan vitlaust þegar gæði 2005 árgangsins komu í ljós. Þá gátu menn ekki nóg samlega dásamað gæði vínanna. Árgangurinn 2005 fékk gjarnan þá umsögn að hér væri á ferðinni besti árgangurinn frá hinu stórkostlega uppskeruári 1982. Þessi 2005 árgangur var nú toppurinn í ótrúlega háum verðum fyrir bestu búgarðana. Menn höfðu aldrei séð annað eins.

Áfram höldum við í gegnum áratuginn ótrúlega og 2006, 2007 og 2008 þóttu bara í miðlungi góð. Þetta stefndi því í venjulegan áratug í Bordeaux, þar sem í gegnum tíðina hafa tvö til þrjú ár náð að verða súper góð. Árgangarnir 2000, 2003 og 2005 höfðu skilað því sem þótti vera normalt fyrir vingerð í Bordeaux. En ballið var ekki búið; 2009 varð dýrasti og einhver umtalaðasti árgangur Bordeaux og nú voru verðin, þrátt fyrir alheimskreppuna, í hæstu hæðum. Það getum við þakkað nýjum markaði fyrir lúxusvöru eins og flottustu búgarða Bordeaux. Kínverjar höfðu nú

fengið augastað á þessari frægu lúxusvöru. Það er síður þeirra í Kína að gefa glæsiggjafir til þess að liðka fyrir samningum, eða til þess að gleðja vini eða ættingja á merkum tímamótum. Nýríkir Kínverjar vilja einnig bara bjóða upp á það besta og því vilja þeir geta boðið gestum sínum upp á eitthvað sem þykir einstakt og þar koma hin frægu vín frá Bordeaux inn. Þeir kaupa bara það besta og þá er rándýr lúxusvara eins og Chateau Lafitte Rothschild, Chateau Mouton Rothschild, Chateau Margaux, Chateau Haut-Brion og Chateau Latour tilvalið til þess að bjóða gestum, eða til gjafa.

Þessi ný markaður í Kína hefur því haldið uppi verðinu á dýrustu vínunum Bordeaux. Auðvitað hækkuðu þeir minna frægu ekki eins mikið, en hækkuðu þó gríðarlega í þessum frábæra árgangi 2009. Þessi frábæru vín eru því ekki lengur á færi hins venjulega borgara. Það er miður, þar sem að vínin eru auðvitað ekki bara fræg, heldur einnig dæmi um það besta sem gerist í vingerð heimsins. Mikið væri nú gaman ef við hefðum öll tækifæri til þess að fá okkur eina og eina flösku af þessum vínunum til hátíðarbrigða, svona rétt til þess að lyfta andanum aðeins.

En hátíðin virðist sem sagt halda áfram hjá þessum frægu vingerðarhúsum, með frábærum árgangi árið 2010. Þetta er algerlega ótrúlegt þar sem að þetta hefur aðeins einu sinni áður gerst á einum og sama áratug. Fimm frábær uppskeruár á sama áratug gerðist síðast þegar 1982, 1985, 1988, 1989 og 1990 náðu öll að skila topp vínunum. Það var oft umtalaður áratugur

fyrir það að hafa bjargað fjárhag margra búgarða í Bordeaux. En nú er kominn annar slíkur áratugur og fjárhagur þeirra frægustu vænkar gríðarlega. Bara til þess að þið lesendur getið gert ykkur grein fyrir verðunum þá erum við að selja árganginn 2006 af Chateau Mouton Rothschild í Vínbúðinni á 79.997,- krónur og það er árgangur sem ekki þykir dýr miðað við þá flottustu undanfarið. Slíkt verð fyrir eina flösku af víni segir allt sem segja þarf um ríkidæmi þeirra sem eiga verðmætustu búgarðana.

Það er ljóst á fyrstu verðum sem gefin hafa verið út fyrir þekkta búgarða að verðið verður ekki lægra en á árganginum á undan. Það segir allt sem segja þarf.

En það er ekki þar með neitt tilefni fyrir okkur hin að órvænta, þar sem að góð uppskeruár koma líka til minni spámanna í Bordeaux. Þau Chateau sem ekki eru í frægðarhöll Bordeaux búgarðanna verða á viðráðanlegu verði, ef hægt er að segja svo. Væntanlega verður hægt að finna góða búgarða sem koma næstir á eftir þeim frægustu fyrir einhversstaðar á milli 7.000 til 15.000 krónur flöskuna. Það er líka hægt að færa sig niður í Cru Bourgeois búgarðana og þessa sem flokkast sem Medoc eða Haut-Medoc fyrir enn lægra verð eða c.a. á milli 5.000 til 8.000 krónur flöskuna. Einhverjum kann að þykja þetta há verð, en fyrir góða flösku til hátíðarbrigða þá er gott Chateau vín frá Bordeaux það besta.

# VÍNHEIMINUM

## TÍMARITIÐ DECANTER GEFUR TOPP EINKUNNIR FYRIR 2010 ÁRGANGINN Í BORDEAUX

Hinir virtu smakkarar frá Decanter tímaritinu hafa gefið fleiri 100% einkunnir á búgarða Bordeaux en oft áður. Til að nefna dæmi þá eru tveir búgarðar í Pauillac hreppnum sem fá einkunnina hið fullkomna vín eða 20 af 20 mögulegum. Þetta eru búgarðarnir Chateau Lafite-Rothschild og Chateau Latour. Rétt á hælum þeirra kemur síðan Chateau Mouton-Rothschild með 19,5 í einkunn. Þetta eru því lúxusvínin sem munu seljast á stjarnfræðilegum verðum.

Í hreppnum St-Julien er síðan Chateau Léoville-Las-Cases með 19,5 og Chateau Ducru-Beaucaillou með 19. Þarna eru því líka til stjórnur að mati Decanter.

Í Margaux hreppnum eru einnig stjórnur og auðvitað fær Chateau Margaux 20 í einkunn og svo trítlar Chateau Palmer þar rétt á eftir með 19,5.

Í Pessac-Leognan eru tveir klassíkerar með topp einkunnir en það eru Chateau Haut Brion með 19,5 og nággranninn Chateau La Mission Haut-Brion með 19.

Áfram heldur gjafmildi þeirra í Decanter í St-Emilion. Þar fær hinn frægi búgarður Chateau Cheval Blanc 20 í einkunn og Chateau Ausonne fylgir fast á eftir með 19,5.

En sagan er ekki öll sögð ennþá, þar sem við færum okkur yfir til Pomerol. Þar fær Chateau Lafleur 19,5 í einkunn og hinn frægi og rándýri búgarður Chateau Petrus fylgir fast á eftir með 19 ásamt Vieaux Chateau Certan.

Að lokum skulum við kíkja á sætvinin frá Sauternes svæðinu, en þar eru nokkrir búgarðar efstir með 19 í einkunn, en það eru Chateau Coutet, Chateau d'Yquem, Chateau La Tour-Blanche, Chateau Suduiraut og Chateau Clos Haut-Peyraguey.

Þessi gjafmildi þeirra snillinganna frá tímaritinu Decanter virðist algerlega staðfesta það sem kom fram í greininni hér á undan, að árgangurinn 2010 sé einn af þeim betri.



## CARLSBERG VERKSMIÐJURNAR HANNA NÝJAN BJÓR SEM Á AÐ KEPPA VIÐ HVÍTVÍN OG KAMPAVÍN

Alþjóðleg tilraunadeild Carlsberg verksmiðjanna í Kaupmannahöfn hefur nú hannað nýjan bjór sem kallast Carlsberg Copenhagen. Þetta er bjór sem setja á á markað í Evrópu og Asíu á næstu tveimur árum.

Hráefnið er hveiti, bygg og hrisgrjón og er bjórinn hannaður sérstaklega fyrir þá sem gætu hugsað sér léttan bjór sem tilbreytingu frá hvítvíni eða kampavíni. Bjórinn verður framleiddur í Litháen og Danmörku. Verð á bjórnum hefur ekki verið gefið upp enn en vitað er að hann verður með 4,5% áfengisinnihald.

Bjóráhugamenn geta því glaðst og ef til vill geta vínáhugamenn tekið undir þann áhuga. Allavega er þetta mjög forvitnilegt framtak og spennandi verður að sjá þessa nýju vöru og smakka.



## NÚ LIGGJA KÍNVERSKIR FORSTJÓRAR Í ÞVÍ!

Einn yfirmanna kínverska olíurísans Sinopec, sem er í eigu kínverska ríkisins, hefur nú verið lækkaður í tign eftir að upp komst um kaup hans á vínnum fyrir milljónir úr sjóðum fyrirtækisins. Þessi ágæti maður keypti aðallega bestu vín Bordeaux og kínverskan líkjör er kallast Moutai.

Í fréttum af hvarfi hans úr yfirmannsstöðunni kemur fram að félaginn eyddi rúmunum 28 milljónum íslenskra króna í að kaupa 1996 árganginn af Chateau Lafite-Rothschild og Moutai líkjörinn.

Það skal sagt þessum ágæta herra til einhverra málsbóta, ef mögulegt er, að hann ætlaði þessar dýrðlegu flöskur til gjafa til ráðamanna í sínu héraði, til þess að liðka fyrir samningum milli olíurísans og sveitarstjórnar héraðsins.

Auðvitað ætlaði hann ekki að drekka þetta sjálfur!!



## MIKLAR FROSTSKEMMDIR Á VÍNGÖRÐUM Í ÞÝSKALANDI

Einhverjar mestu skemmdir vegna frosts riðu yfir þýska víngarða dagana 3. og 4. maí síðastliðinn. Þetta eru verstu frostskegmdir í víngörðum landsins í ein 30 ár. Þau svæði sem verst urðu úti eru Pfalz, Rheinhessen, Franken og Württemberg.

Þýska Vínstofnunin (DWI) segir of snemmt að spá því hverjar endanlegar afleiðingar þessa frosts verði fyrir uppskeru ársins 2011. Það eru helst snemmsprottnar tegundir eins og Dornfelder og Spätburgunder sem urðu fyrir skaða, er nýspröttið brum þessara tegunda eyðilagðist í frostinu.

Að sögn DWI voru það helst víngarðarnir sem liggja mjög lágt, eða í dalverpum, sem fóru illa þar sem kalda loftið leggst við jörðu á lægstu svæðunum. Frost eru nokkuð tíð ógn við víngarða Þýskalands, en á síðustu áratugum hefur ekki komið jafn mikið næturfrost og þessa tvo daga nú í maí.

Þetta er áfall fyrir vínframleiðendur í Þýskalandi sem voru að vonast eftir met uppskeru þetta árið eftir mjög rýra uppskeru árið 2010. Uppskeran á síðasta ári var sú minnsta í 25 ár og hafði þær afleiðingar að verð vinnanna hækkaði nokkuð, þar sem skortur var á sjálfu hráefninu, berjunum.



## ENN BEIÐ EFTIR NÝRRI FLOKKUN BÚGARÐA Í ST-EMILION

Líkt og frægt varð fyrir um tveimur árum síðan þá ógiltu franskir dómsstólar flokkun búgarðanna í St-Emilion í Bordeaux. Það var hefð fyrir því að flokka búgarða St-Emilion í gæðaflokka á tíu ára fresti. Síðast þegar þetta var gert kærðu þeir búgarðar sem féllu niður úr efsta flokki þessarar flokkunar, þar sem þeim þótti ekki rétt að þeirra vín væru dæmd af samkeppnisaðilum í hreppnum. Dómnefndin hafði nefnilega, um áratuga skeið, verið skipuð vínframleiðendum héraðsins, sem til þess voru skipaðir af framleiðendasamtökum St-Emilion. Þessi háttur hafði verið hafður á í marga áratugi, en nú gekk þetta ekki lengur, þar sem að þeir sem felldir voru niður um flokk sættu sig ekki við að samkeppnisaðilar væru að ákveða slíkt, með tilvísan til þess að þeir vildu bara bola samkeppninni í burtu eða hygla öðrum framleiðendum. Dómstóll í Bordeaux féllst á að ógilda þessa nýju flokkun og gildir því enn flokkun sem unnin var 1996.

Síðan þetta gerðist hefur verið reynt að koma einhverju skipulagi á þessa flokkun. Nú bíða framleiðendur í St-Emilion eftir því að ný flokkun verði unnin. INAO, sem er eftirlitsstofnun franska landbúnaðarins, hefur nú samþykkt að hafa yfirumsjón með flokkuninni og hefur samið reglur sem smakkararnir eiga að vinna eftir. Í dómnefndina verða skipaðir sjö aðilar frá INAO og enginn þeirra verður frá Bordeaux. Tíu árgangar verða smakkaðir frá 1999 til 2008 og gæði vinnanna mun ráða flokkun búgarðanna. Ef þetta er spurning um að viðkomandi búgarður flytjist upp í efsta flokk, Grand Cru Classé, þá verða

smakkaðir 15 eldri árgangar, eða 5 fleiri en fyrir aðra búgarða. Auk þess að meta gæði vína viðkomandi búgarðs verða tekin inn í matið og flokkunina fleiri atriði eins og tæknivæðing víngerðarinnar sjálfrar, hreinlæti í víngerðinni og orðspor viðkomandi búgarðs í gegnum tíðina. Það er þó smakkið, eða gæði vinnanna, sem mun vera ráðandi þáttur í flokkun búgarðanna.

En líkt og áður sagði þá bíða framleiðendur í St-Emilion í ofvæni eftir því að ný flokkun fari fram. Nýjar reglur um flokkunina voru settar fram fyrir 3 mánuðum, þegar INAO skilaði tillögum sínum að nýrri skipan mála til franska landbúnaðarráðuneytisins. Nú er bara eftir að fá samþykki frá landbúnaðarráðherra Frakklands, og birta reglurnar í "Journal Officiel de la République Française", einskonar Lögbirtingablaði þeirra fransmanna.



Gissur Kristinsson  
vínráðgjafi

# KOKTEILAR

Að þessu sinni skoðum við í ísskápinn og nýtum okkur hráefni úr honum til að laga gómsæta kokteila.

Það má gera margskonar kokteila án þess að eiga allskonar líkjöra. Auðvelt er að laga sykursíróp með ýmiskonar bragðefnum sem geta svo komið í staðinn fyrir líkjör. Eina sem þarf er gott ímyndunarafl og velbúinn ísskápur.

## ÁVAXTASÍRÓP

500 g ávextir eða ber  
400 g sykur

Maukið ávöxtinn og látið standa í kæli yfir nótt til að ná fram sem mestu bragði. Sigtíð í gegnum fínt sigti í pott, bætið sykrinum í og hrærið saman. Látið sjóða við lágan hita og hrærið í á meðan þar til sykurinn hefur leyst upp. Kælið og setjið á flösku eða krukku. Geymist í kæli í mánuð.



## BASIL FURSTI

4 cl vodka  
1,5 cl basilsíróp  
2 cl jarðarberjasíróp  
safinn úr einum sítrónubát

Allt hrist saman, sett í martiniglas og skreytt með vanillustöng

## JARÐARBERJASÍRÓP

500 g jarðarber  
400 g sykur

Látið jarðarberin í mixer og maukið. Látið bíða í kæli yfir nótt. Sigtíð í gegnum fínt sigti í pott, bætið sykrinum út í og hrærið saman. Látið sjóða við lágan hita og hrærið í á meðan þar til sykurinn hefur leyst upp, látið sjóða í 3-4 mínútur.

Kælið og setjið á flösku.

## BASILSÍRÓP

1 búnt basil  
30 g sykur  
30 cl vatn

Sjóðið vatn og sykur. Hreinsið basilikuna og setjið í sykurlögin og látið standa í einn dag. Sigtíð og sjóðið vökvann í ca 20 mín.



## KIWIFIZZ

3 cl gin  
3 cl kiwisíróp  
1,5 cl sítrónusafi  
6 cl sódatvatn

Allt nema sódatvatnið er hrist saman, sett í highballglas og fyllt upp með sódatvatni.

## KIWISÍRÓP

500 g kiwi  
400 g sykur

Afhýðið kiwiávéxtina og maukið í mixer. Látið maukið bíða í kæli yfir nótt, bætið sykrinum út í og hrærið saman. Sigtíð í pott og látið sjóða við lágan hita í 3-4 mínútur og hrærið í á meðan þar til sykurinn hefur leyst upp. Kælið og setjið á flösku.

Geymist í kæli í mánuð.



## DALADRAUMUR (BOLLA)

1 líter hvítvín  
1/2 líter sprite  
1/2 líter trönuberjasafi  
safn úr einni sítrónu

Öllu blandað saman í stóra skál. Smakkað til með Ribena sólberjasafa til að fá lit og sætu.

Skreitt með smátt skornum sítrónubitum.



Páll Sigurðsson  
vínráðgjafi



# ARGENTÍNS

Þegar talað er um mat frá Argentínu kemur nautakjöt strax upp í hugann og þá gjarnan grillað. Maður sér fyrir sér gauchos, en það kallast argentínsku kúasmalarnir, þeysast um grösugar sléttunar rekandi nautgripina. En það er einnig rík hefð fyrir að grilla eða elda heilu lambaskrokkana yfir grilli eða opnum eldi. Asado, eða barbecue, er vinsælt og er þá kjötið lítið kryddað og helst salt til að kalla vel fram hið góða kjötbragð. Þegar landsmenn grilla eru gjarnan pylsur með á grillinu, ekki pylsur eins og við þekkjum heldur kryddaðar svínapylsur eða chorizo og eins eru blóðpysur vinsælar.

Annars er argentíska eldhúsið undir töluverðum áhrifum frá evrópu þó þeirra útfærsla sé svolítið önnur.

## EMPANADAS:

Eru fylltar bökur gjarnan með skinku, osti eða annari kjötfyllingu en bökurnar eru þó heldur minni en við eigum að venjast. Fyrir páskahátíðina er hefð fyrir því að fylla þær með túnfiski eða þorski.

## MILANESAS:

Er vinsæll skyndibiti í Argentínu en þá er þunnskornu kjötstykki velt upp úr raspi og síðan steikt og minnir þetta á þýskt schnitzel.

## FOGAZA:

Minnir á ítalska focaccia brauðið og er gjarnan borið fram með osti.

## PROVOLETA:

Hugsið ykkur; góður skammtur af steiktum bræddum osti kryddaður með oregano namm...

## PASTA OG PIZZUR:

Þetta er mjög vinsæll matur í Argentínu en pastað er borið fram með meiri rjóma- eða kjötsósum. Pizzurnar eru einnig brauðmeiri en þær ítölsku.

## DULCE DE LECHE:

Þegar komið er að eftirréttum slær fátt þennan út en hann er gerður úr niðursoðinni karmellukenndri mjólk og til eru mörg afbrigði af þessum rétti sem landsmenn elska.

Argentínumenn rækta síðan sín frábæru vín sem smellpassa með þessum mat, þá ekki síst grillaðu nauti.

# SKAR MATARHEFÐIR



## EMPANADA

- 1 1/2 bolli hveiti
- 1 tsk. lyftiduft
- 1/4 tsk salt
- 1/2 bolli palmín jurtafeiti
- 1/3 bolli mjólk

Blandið hveiti, lyftidufti og salti saman í stórrí skál. Blandið Palmín feitinni samanvið (gott er að nota til dæmis tvo hnífa til að blanda harðri feitinni við þurrefnin) þar til áferðin líkist grófu mjöli.

Blandið smá mjólk samanvið blönduna. Hrærið í með gaffli þar til blandan tollir saman, deigið á ekki að vera klístrað. Hnoðið deigið með smá hveiti þar til það myndar mjúkan bolta. Látið deigið hvílast í ísskáp í minnst hálf tíma en helst yfir nótt.

Skiptið deiginu í margar litlar kúlur á stærð við golfkúlur og fletjið þær út í 15 cm hringi. Setjið matskeið af uppáhaldsfyllingunni ykkar á hverja köku, penslið kantana með vatni og lokið þeim þannig að þær myndi hálfmána. Notið gaffal á barmana til að loka þeim eða þrýstið með fingrunum.

Bakið í ofni eða djúpsteikið þar til bökurnar fá á sig fallegan lit.

## KJÚKLINGAFYLLING

- 2-3 kjúklingabringur
- 1 lárviðarlauf
- 1 kjúklingakraftsteningur
- ¼ bolli olía
- 2 stórir laukar, í litlum bitum
- 1 msk. paprikuduft
- 1 tsk. kúmin
- ½ tsk. chiliduft
- 1,5 msk. sykur
- Salt og pipar
- 3 harðsoðin egg, í litlum bitum
- ½ bolli grænar ólífur, í bitum
- 1 eggjarauða
- 1 msk. Vatn

Setjið kjúklingabringurnar í pott ásamt kjúklingakraftinum og lárviðarlaufinu og bætið vatni í svo það fljóti yfir bringurnar. Sjóðið á lágum hita í 15-20 mínútur, látið kjúklinginn kólna í soðinu. Skerið kjúklinginn niður í litla bita og bleitið upp í honum með 1-2 msk. af soðinu.

Hitið olíu á pönnu og bætið á hana lauk, paprikudufti, kúmin, chilidufti, sykri og bragðbætið með salti og pipar eftir smekk. Steikið á lágum hita í 15-20 mínútur þar til laukurinn er glær. Takið pönnuna af hitanum og hrærið kjúklingnum, eggjunum og ólífunum saman við. Fyllingin er best ef hún fær að biða í ísskáp yfir nótt.

## NAUTAHAKKSFYLLING

- 500 g nautahakk
- 1 laukur
- 1 hvítlausrif
- 2 harðsoðin egg, skorin í litla bita
- 1/2 bolli rúsínur
- Salt og pipar
- Olía til steikingar

Steikið hakið á pönnu ásamt lauki og hvítlauki og hellið afgangsfitu frá. Bætið eggj og rúsínum í blönduna.



Júlíus Steinarsson  
vínráðgjafi



# FORELDRAR, UNGLINGAR OG ÁFENGI

Vorin og sumrin er oft sá tími sem ungt fólk prófar að drekka áfengi í fyrsta sinn. Prófin eru búin og halda á upp á það með ýmsum hætti, s.s. veislum eða útilegum. Unglingar sem eru að þreifa sig áfram í heimi fullorðinna telja sig oft geta - og jafnvel eiga - að gera áfengi hluta af sínum lífsstíl. Flestum er þó ljóst hvaða afleiðingar áfengisdrykkja getur haft á heilbrigði og félagslegt umhverfi þess sem drekkur. Á þetta ekki síst við um áfengisdrykkju ungmenna sem enn eru að taka út þroska.

Foreldrar eru lykilaðilar í að beina börnum sínum inn á heilbrigðan lífsstíl. Rannsóknir hafa sýnt að umhyggja, aðhald og eftirlit foreldra dregur mjög úr líkum á áhættu hegðun unglunga. Foreldrar ættu hér að hafa nokkur atriði í huga:

Því fyrr sem börn byrja að drekka því líklegra er að þau drekki of mikið og meiri hættu er á að þau prófi önnur vímuefni.

Foreldrar þurfa að vera ófeimnir við að ræða við börn sín um kosti þess að fresta að byrja áfengisneyslu og hvernig gott er að segja nei þegar áfengi er í boði. Þannig verður unglungurinn betur í stakk búinn til að standast hópþrýsting. Hann þarf að vita að sá sem ekki lætur undan þrýstingi er sterkastur. Ef unglungurinn vill ekki ræða þessi mál við foreldra þá gæti verið gott að finna ættingja eða góðan vin til að ræða við hann.

Það skiptir unglunga miklu máli að vera eins og hinir, að samsama sig hópnum. Þess vegna er mikilvægt að þeim sé ljóst að meirihluti 15 og 16 ára unglunga á Íslandi neytir ekki áfengis.

Foreldrar unglunga þurfa að standa saman og senda skýr skilaboð um að áfengi sé ekki leyfilegt fyrir unglunga. Mikilvægt er að fullorðnir láti sig annarra börn varða og láti vita ef þeir verða varir t.d. við drykkju eða reykningar í vinahópnum. Rannsóknir á viðhorfum foreldra sýna að langflestir foreldrar vilja fá að vita um slíkt.

Ef unglungur kemur drukkinn heim er ekki besta ráðið að hella sér yfir hann með skömmum þá stundina, þó freistandi sé. Mun betra er að koma honum í háttinn og ræða við hann í rólegheitum daginn eftir. Mikilvægt er að barnið finni að ást foreldra er skilyrðislaus og þó þeir hafi orðið fyrir vonbrigðum með þetta atvik þá muni þeir styðja það og elska áfram.

Með því að útvega unglungum áfengi hefur foreldri gefið samþykki sitt fyrir því að barnið drekki. Ef foreldrar setja ekki mörk þá er líklegra að barnið drekki meira. Skammturinn sem foreldrar nista barnið með út á lífið verður viðbót við aðra drykki.

Eftirlitslaus party eða helgarferðir geta verið unglungnum erfiðar. Þótt foreldrar treysti sínu barni þá geta aðstæðurnar orðið þannig að barnið ráði ekki við þær.

Foreldrar eru mikilvægar fyrirmyndir og unglungurinn lærir drykkjuvenjur foreldranna. Það er umhugsunarvert hvort við séum e.t.v. að kenna börnum okkar að ef það á að slappa af eða skemmta sér þá sé áfengi haft um hönd.

Ekki hika við að leita aðstoðar ef þig grunar að einhver í fjölskyldunni eigi við vandamál að stríða.

Hildur Björg Hafstein

*Birt með góðfúslegu leyfi doktor.is*



## Í ÞÍNUM HÖNDUM

Íslenskar jurtir vaxa og dafna í hreinu lofti og ómenguðum jarðvegi. Þær hafa löngum verið notaðar til lækninga og matar, en ekki má gleyma ánægjunni sem þær veita með tilvist sinni; fegurð og angan. Hlúum að flórunni okkar og búum henni hin bestu vaxtarskilyrði.

Ál- og plastumbúðir á víðavangi eru mikil sjónmengun í náttúrunni. Með því að endurvinna umbúðir komum við í veg fyrir sóun á óendurnýtanlegri orku.



# Með ánægju

Við erum brosandi út að eyrum eftir að viðskiptavinir okkar settu Vínbúðina í efsta sæti í flokki smásölu fyrirtækja og annað sæti allra fyrirtækja í Íslensku ánægjuvöginni.

Við þökkum ykkur fyrir jákvæða umsögn sem verður okkur hvatning til að gera framtíðina enn ánægjulegri!

 VÍNBÚÐIN

# TANGÓ

Argentína er þekkt fyrir bæði nautakjöt og tangó. Nautakjötið vegna þess hversu bragðgott og meyrð það er, ljúft undir tönn og gleðigjafi fyrir bæði bragðlauka og soltna maga. Tangóinn, sem upprunnin er í Argentínu, er dans sem tengir tvær manneskjur nánar en nokkur annar dans, bæði líkamlega og tilfinningalega. Tangóinn heillar ekki aðeins dansarið sjálft, heldur getur maður algjörlega fallið í stafi við að sjá góða dansara taka sporin. Hvað er síðan sumarlegra en að taka létt dansspor á pallinum á meðan steikin eldast á grillinu, fá sér sopa af hvítu Torrontés og færa sig svo yfir í Malbec þegar steikin er tilbúin? Já, það eru einmitt vínin frá Argentínu sem hafa náð hylli vinnuendna víða um heim en Argentína er komin í hóp þeirra stærstu í vínframleiðslunni og framleiða bæði hvít- og rauðvín úr margvíslegum þrúgutegundum.

Þrúgurnar Malbec og Torrontés, parið sem kynnt verður hér, má telja einkennandi fyrir argentínsk vín og sóma sér vel sem vinsendiherrar landsins.

Malbec, sem kemur upprunalega frá Cahors í Frakklandi, fluttist til Argentínu frá Bordeaux. Í Cahors er þrúgan blönduð með öðrum þrúgum. Vegna dökks litar þrúgunnar voru vínin kölluð svörtu vínin, en þau voru ekki bara dökk heldur áttu þau til að vera ansi tannísk. Segja má að helsta hlutverk þrúgunnar hafi verið að gefa víni lit. Þrúgur eru sjaldan nefndar á flöskumiðum í Frakklandi sem skýrir hve lítið var fjallað um þessa þrúgu fyrir nokkrum árum og hún svotil óþekkt.

Í Argentínu fékk Malbec aftur á móti að njóta sín og er af mörgum talinn einn sá besti í heimi, loftslagið og jarðvegurinn hentar honum einstaklega vel og dregur

fram ýms einkenni sem hafa afað vínunum úr þessari þrúgu sífellt meiri vinsælda.

Dansherran Malbec hefur dökkt yfirbragð og stæltan vöxt, virkar oft nokkuð harður og hjúfur á sínum yngri árum, en gefi maður honum smá tíma sýnir hann á sér mýkri hliðar. Um æðar hans rennur dökkur kröftugur þrúgusafi með keim af kirsuberjum, jarðarberjum og plómum og á stundum má greina mintu og krydd. Vanillu og ristaða eikartóna má svo finna í þeim reynslumeiri en þeir yngri verða að láta sér nægja ferskan berjablaæ.

Malbec hentar einstaklega vel með rauðu kjöti eins og nautasteik og lambakjöti, grillsteikunum, ostunum og jafnvel pasta í rauðri sósu. Það er sama hvað meðlætið er, það er fátt sem slær hann út af laginu. Það er greinilegt hver stjórna dansinum, að sjálfsgöðu Malbec.

Torrontés, dansfélagi Malbec, er aftur á móti rótgróinn Argentínubúi. Hún er ljós yfirlitum, hressandi og fersk í fasi. Það sem einkennir hana þó einna mest er ilmurinn sem ekki fer fram hjá manni þegar maður er nálægt henni eða, ég tala nú ekki um, ber hana að vörum sér. Ungfrú Torrontés notar gjarnan dágóðan skamt af ilmefnum, sem minna á rósir, jasmínu og önnur blóm, oft með netta kryddundirtóna. Þessi ilmeinkenni minna gjarnan á aðrar þrúgur eins og Gewurztraminer eða Muscat, sem er eðlilegt þar sem hin Evrópska Muscat er að því að sumir vilja halda fram fjarskyldur ættingi Torrontés.

Torrontés hefur frísklegt ávaxtabragð með finlega hunangs og kryddtóna sem hressa upp á samkomur þar sem spjallað er yfir smáréttum og yfirbragðið þarf að vera létt og skemmtilegt. Torrontés leiðist heldur ekki með krydduðum indverskum og asískum mat. Ekki má gleyma að þetta eru frábær vín fyrir minni hittinga svona til að hressa upp á talandann, sumir kalla það ísbrjót.

Báðar þrúgurnar Malbec og Torrontés eru verðugir fulltrúar argentískra vína og vel þess virði að kynna sér þau af eigin raun.



Páll Sigurðsson  
vínráðgjafi

# FYRIR TVÖ



# ÁRGANGATAFLA

2008 2007 2006 2005 2004 2003 2002 2001 2000 1999 1998 1997 1996 1995



## Frakkland

Bordeaux-Medoc	4	3-4	3-4	5	3-4	5	4	2-3	5	4	3-4	2-4	3-5	3-5
St-Emilion/Pomerol	4	4	4	4-5	4	4	2-3	3	4	4	3-5	2-3	3-4	4-5
Sauternes	3-4	4-5	4-5	4	3-4	4	3-4	4-5	4	5	3-4	3-4	5	4
Bourgogne-Cote d'Or	4	4-5	3-4	4-5	3-4	4-5	4	3	3-4	4-5	3-4	4	4-5	4-5
Cote de Beaune hvítt	4	4-5	4-5	4-5	2-3	4-5	4	4	4-5	3-4	4	4-5	5	4-5
Chablis	4	4-5	4	4-5	3-4	4-5	5	3	3-4	3-4	2-3	4	5	4-5
Alsace	4	5	3-4	4	4	4-5	3	3-4	5	2-3	3-4	5	4	4
Rhone-Norður	3-4	4-5	4-5	4	4	3	2	5	4	5	4	3-4	3-4	4-5
Chateaufeuf du Pape	3-4	5	4	4-5	4	3	1	4	2-3	4	5	3	2-3	4
Languedoc-Roussillon	4	4-5	3-4	4	4	3	2	4-5	3	2	4-5	2-3	1	4



## Ítalía

Piemonte	4-5	5	4-5	2-3	4	4	1	3-4	4	3-4	4-5	4	5	2-3
Toscana	4	5	4-5	3-4	5	4	1-2	3-5	3-4	5	2-4	5	2	3-4



## Þýskaland

Mosel	4-5	5	5	4-5	4	4-5	4	5	2-3	3-5	3-4	4-5	2-4	5
Rín	4	5	4-5	4-5	4	4-5	3	4	1-3	2-4	4-5	3-4	5	2-3



## Spánn

Rioja	4	3-4	4-5	4	3-4	3-4	1-3	4-5	3	2	4	1-2	4	5
Ribera del Duero	4	3-4	4-5	4-5	4-5	4	2	5	3-5	4	3	1	5	5
Katalónía	4	3-4	3-4	4-5	4-5	4-5	3	4	4	4	4-5	3-4	4	4



## Portúgal

	4-5	5	3-4	4	4	5	1-2	3-4	4	1-2	2-4	4	2-3	
--	-----	---	-----	---	---	---	-----	-----	---	-----	-----	---	-----	--



## Bandaríkin

Kalifornía - rautt	4-5	5	4-5	3-4	3-4	4-5	4	5	2-4	3-5	2-3	4-5	3-4	4-5
Kalifornía - Chardonnay	4-5	4-5	4-5	3-4	3-4	4-5	4	3	3	4	2-3	5	5	5



## Chile

	4-5	5	4-5	4	3	5	3	5	1-3	4-5	1-3	4-5	3-4	4-5
--	-----	---	-----	---	---	---	---	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----



## Argentína

	3-4	4-5	4-5	4	5	4	5	3-4	2-3	2-4	1-3	2-3	3	5
--	-----	-----	-----	---	---	---	---	-----	-----	-----	-----	-----	---	---



## Suður-Afríka

	3-4	5	4-5	3-4	4	4-5	3	4-5	2-4	2-4	3-4	4-5	1-2	3-4
--	-----	---	-----	-----	---	-----	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----



## Ástralía

New South Wales	4	4	4-5	4	3-4	4	2-4	1-3	2-3	2-4	3-5	4-5	4	1-3
Victoria	4-5	4-5	4-5	4-5	4	4	4-5	3	1-4	1-5	5	4-5	2-4	2-3
South-Australia	4-5	4-5	4-5	4-5	4-5	5	4-5	3-4	2-3	1-3	5	2-4	4-5	2-4
West-Australia	5	5	3-4	4	4-5	4	3	3-4	2-5	3-5	2-4	3-4	3-4	3-5



## Nýja-Sjáland

	4-5	5	4-5	4-5	4	5	3-4	2	3-4	2-4	2-4	1-3	2-4	3-5
--	-----	---	-----	-----	---	---	-----	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----

5 frábært / 4 mjög gott / 3 gott / 2 í meðallagi / 1 slakt



# Vöruskrá

gildir í júní 2011